

Fundargerð 36. fundar í stjórn Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar
11. júní, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Árni Sigfússon, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt.
2. Ásbrú-Norður
Stjórn samþykkti heimild til framkvæmdastjóra að ráða aðila í stöðu verkefnisstjóra til að stýra þróun á norðurhluta starfssvæðis ÞK. Er það gert í samræmi við tilgang félagsins og samkomulag við aðliggjandi sveitarfélög.
3. Fjárheimildir næsta árs
Stjórn leggur áherslu á að sölusamningar geti verið í uppnámi ef þróunarverkefnum er ekki fylgt eftir eins og lagt var af stað með. Verkefnið er sjálfbært og hefur nú þegar skilað tekjum fyrir öllum þeim útgjöldum sem til hafa fallið auk umtalsverðs hagnaðar fyrir ríkissjóð. Einnig er mikilvægt að fylgja eftir þeim hreinsunarverkefnum sem félaginu eru ætluð út frá öryggis- og umhverfissjónarmiðum.
4. Leiga í Eldvörpum
Framkvæmdastjóra er falið að útfæra og ganga frá leigusamningum fyrir Eldvörp.
5. Samstarf við Hagfræðistofnun
Farið var yfir samstarf við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um úttekt á efnahagslegum áhrifum uppbyggingar við Keflavíkurflugvöll.
6. Önnur mál
 - a. Minnisblað var lagt fram um ferð á ráðstefnu um þróun í nágrenni flugvalla.
 - b. Hugmyndir vantar fólk
Stjórn samþykkti að halda verkefninu áfram.
 - c. Hrafnaflóki
Stjórn samþykkt að færa Víkingaheimum Hrafnaflóka að gjöf í tilefni af formlegri opnun.

Fleira var ekki gert og fundi slitið

Páll Sigurjónsson
Árni Sigfússon

Kjartan Þór Eiríksson